

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna stækkunar miðsvæðis M11.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 19. ágúst 2025.

Í breytingunni felst að stækka miðsvæði M11 við Bolafót um 1,3 hektara og opið svæði OP2 við Njarðvíkurskóga minnkar til samræmis og fer úr 44,5 hektarum í 43,2 hektara að stærð. Gert er ráð fyrir blandaðri atvinnustarfsemi ásamt 125 íbúðum og að mannvirki geti verið 3-5 hæðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. október 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 30. október 2025